

Starfshópur um endurskoðun kosningalaga
15. fundur þriðjudaginn 27. ágúst 2019 kl. 8:30
Nefndasvið Alþingis.

FUNDARGERÐ

Mætt: Bryndís Hlöðversdóttir (BH), Þórir Haraldsson (ÞH), Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson (ÞHÞ), Magnús Karel Hannesson (MKH) og Ástríður Jóhannesdóttir (ÁJ). Einnig sat fundinn Þórhallur Vilhjálmsson (ÞV) og Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG) sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Samþykkt.

2. Kosningaréttur við sveitarstjórnarkosningar.

Ákveðið að Þjóðskrá Íslands gefi út leiðbeiningar um meðferð umsókna til að geta neytt kosningaréttar við sveitarstjórnarkosningar skv. 5. gr. og að synjun stofnunarinnar að þessu leyti yrði kæránleg til úrskurðarnefndar kosningamála.

3. Ákvæði 17.-23. gr. um kjörstjórnir (frh. frá síðasta fundi).

Vikið að uppfærslum á ákvæðum 15. og 16. gr. um Kosningastofnun. Ákveðið að ákvæði um úrskurðarnefnd kosningamála verði sett í kafla frumvarpsins um stjórnsýslu kosninga.

Rætt um ábendingu ÖSE um að stjórnvöld skyldu huga að því að setja hæfniskröfur fyrir kjörstjórnarmenn. Rætt hvort setja ætti inn jákvæð hæfnisskilyrði, t.d. kröfur um kunnáttu eða menntun kjörstjórnarfólks. Í frumvarpinu er að finna ákvæði um að Kosningastofnun veiti þjálfun og leiðbeiningar og að jákvæð hæfnisskilyrði gætu útilokað marga. Ákveðið að verða við ábendingu ÖSE með samræmdum leiðbeiningum fyrir kjörstjórnir og þjálfun þeirra.

Samkvæmt 31. gr. stjórnarskrárinnar skal landskjörstjórn ákveða kjördæmamörk í Reykjavík og endurúthluta þingsætum milli kjördæma við tiltekna aðstæður. Rætt um mögulega stjórnarskrárbreytingu vegna þessa eða hvort taka eigi fram í löggjöf að Kosningastofnun taki við hlutverki landskjörstjórnar samkvæmt stjórnarskrá.

4. Ákvæði 24.-27. gr. um kjördag ásamt skýringum.

Rætt um tímasetningar sveitarstjórnarkosninga og hvort mögulegt sé að færa þær frammar, t.d. síðasta laugardag í aprílmánuði í stað maímánaðar eins og nú er. MKH leitar eftir afstöðu Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Rætt um óhentuga tímasetningu forsetakjörs í lok júnímánaðar, m.a. erfitt að manna kosningarnar vegna sumarleyfa. Ákveðið að leggja til breytingu.

5. Ákvæði 28.-36. gr. um kjörskrár ásamt skýringum.

Nefndarmenn sátir við að sömu tímafrestir gildi um allar kosningar. Rætt um ákvæði um aðgang stjórnálagasamtaka að kjörskrár sem lagt var til af fyrri vinnuhópi um endurskoðun kosningalaga. Áralöng framkvæmd hjá Þjóðskrá Íslands að afhenda stjórnálagasamtökum afrit kjörskrár án lagastoðar. Síðan var tekin ákvörðun um að heimila ekki aðgang á grundvelli persónuverndarsjónarmiða. Stjórnálagasamtök og aðrir, t.d. Reykjavíkurborg, hafa engu að síður fengið úrtakslista úr þjóðskrá á grundvelli markaðsetningarheimildar. Rætt um hvaða upplýsingar eigi að veita aðgang að í þessu sambandi og hver eigi að bera kostnaðinn. Ákveðið að kanna nánar og skoða m.a. fyrirmyndir erlendis frá.

Ákveðið að ráðherra setji reglugerð um auglýsingu kjörskráa og reglugerð um rafræna kjörskrá.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 17. september kl. 9

Fundi slitið kl. 10.